

Ársskýrsla



Umdæmi 109B

Starfsárið 2017 – 2018

Björn Guðmundsson, umdæmisstjóri

Inngangur.

Nú líður að lokum starfsársins 2017-2018 og þar með lýkur mínum tíma sem umdæmisstjóri 109B. Þegar ég starfaði sem svæðisstjóri á svæði 6, starfsárið 2014-2015, hafði Stefán Árnason umdæmisstjóri samband við mig og spurði hvort ég væri tilbúinn að bjóða mig fram sem 2. varaumdæmisstjóri í umdæminu. Ég hugsaði mig um í nokkra daga ræddi við nokkra félagamína í Lionsklúbbum Hæng og Sigu, konu mína. Ég sló til og var kjörinn í embættið á umdæmisþinginu á Seyðisfirði. Síðan þá hefur tíminn liðið hratt og ég ef notið þess að heimsækja klubbana í umdæminu, kynnst mikið af góðum Lionsfélögum, ásamt því að kynnast starfi klubbanna sem eru að mörgu leyti jafn ólíkt og klúbbarnir eru margir. Auðvitað hefur þetta tekið nokkuð af frítíma mínum, en ég sé ekki eftir að hafa tekið þessa ákvörðun enda hef ég kynnst fullt af frábæru fólki og vonandi bundið vinabönd sem endast.

Látnir félagar

Áður en lengra er haldið er rétt að minnst þeirra félagamína okkar sem látist hafa frá síðasta þingi. Samkvæmt mánaðarskýrslum klúbba eru það eftirtaldir:

Gunnar Elíasson, Lkl. Akraness

Guðrún Finnbogadóttir, Lkl. Eðnu

Jóhanna Línal Jónsdóttir, Lkl. Eðnu

Pálmi Jónsson, Lkl. Blönduóss

Óli Fjalar Ólason, Lkl. Grundarfjarðar

Jón Guðmundsson, Lkl. Höfða

Úrsúla Von Balzúm, Lkl. Perlan

Friðrik Sveinsson, Lkl. Mosfellsbæjar

Guðjón Kristinsson, Lkl. Mosfellsbæjar

Svanhildur Þorkelsdóttir, Lkl. ÚA

Ósk Ólafsdóttir, Lkl. Harpa

Ef mér hefur sést yfir að minnst einhverra látinna félagamína, til viðbótar þeim sem hér eru nefndir, biðst ég velvirðingar á því.

Við kveðjum þessa félagamína með söknuði og þakklæti fyrir þeirra óeigingjarna starf í nafni Lionshreyfingarinnar. Við færum fjölskyldum þeirra og vinum samúðarkveðjur.

Umdæmisþingið 2017

Síðasta þing var haldið í Reykjavík að Hótel Sögu og var á vegum fjölumdamissins. Þingið var til fyrirmyndar í alla staði, enda frábær aðstaða á hótelinu til þinghalds.. Ekki náðist samstarf við neinn Lionsklúbb um framkvæmd þingsins og varð aðkeypt vinna því meiri en venjulega, sem kemur því niður á afkomu þingsins. Við þurfum að slípa þetta til þannig að klúbbar einn eða fleiri annist framkvæmd þingsins ásamt fjölumdaminu. Það er ekkert lögmál að þing fjölumdamissins sé haldið í Reykjavík, það eru margir staðir á landsbyggðinni þar sem hægt er að halda þingin, þrátt fyrir að fjölumdamið sé þinghaldari. Við þurfum líka að fjölga þátttakendum á þingunum og sérstaklega í skólunum, það skilar sér í öflugra starfi. Sumir hafa nefnt að kostnaðurinn sé fyrirstaða ég er ekki sannfærður um að það sé eina skýringin. En þarna þarf að finna nýjar leiðir til þess að laða að fleiri þátttakendum.

Eitt það þýðingarmesta sem gerðist á þinginu í Reykjavík var að ný lög voru samþykkt fyrir fjölumdamið og umdæmin. Ekki hefur okkur tekist að klára löginn fyrir klúbbana, en ég vona það takist á næsta starfsári að klára þá vinnu og vonandi getum við samþykkt ný lög að ári.

Á þinginu var ég kosin umdæmisstjóri, Sigfríð Andradóttir lkl. Búðardals varaumdæmisstjóri og Bragi Ragnarsson lkl. Mosfellsbæjar 2. varaumdæmisstjóri.

Umdæmisstjórn 109 B 2016 -2017

Í umdæmisstjórninni í ár eru 26 embætti og var þeim sinnt af 19 einstaklingum. 12 körlum og 7 konum kynjahlutfallið endurspeglar nákvæmlega fjölda karla og kvenna í umdæminu, en karlar eru 63% Lionsfélaga og konur 37% í umdæminu.

Í umdæmisstjórninni sátu eftirtaldir einstaklingar:

Björn Guðmundsson, Lkl. Hængur umdæmisstjóri

Sigfríð Andradóttir, Lkl. Búðardals, 1. varaumdæmisstjóri

Bragi Ragnarsson, Lkl. Mosfellsbæjar, 2. varaumdæmisstjóri

Andri Gylfason, Lkl. Hængur, umdæmisritari

Jón Heiðar Daðason, Lkl. Hængur, umdæmisgjaldkeri

Bragi Ragnarsson, Lkl. Mosfellsbæjar, svæðisstjóri, svæði 1-2

Salbjörg Nóadóttir, Lkl. Grundarfjarðar, svæðisstjóri, svæði 3

Jóhann Björn Arngrímsson, Lkl. Hólmavíkur, svæðisstjóri, svæði 4

Árni Bjarkason, Lkl. Höfað, svæðisstjóri, svæði 5
Gerður Jónsdóttir, Lkl. Ylfu, svæðisstjóri, svæði 6
Birgir Þór Þórðarson, Lkl. Húsavíkur, félagafulltrúi (GMT)
Anna Blöndal, Lkl. Ylfu, konur í Lions (GMT)
Andri Gylfason, Lkl. Hæng, leiðtoga- og fræðslufulltrúi (GLT)
Benjamín Jósefsson, Lkl. Akraness, verkefnafulltrúi (GST)
Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi, afmælisnefnd Lions, Medic Alert
Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar, umdæmisþingsfulltrúi
Jón Heiðar Daðason, Lkl. Hæng, umhverfisfulltrúi
Hrund Hjaltadóttir, Lkl. Fold, lestrarátaksfulltrúi
Aníta Knútsdóttir, Lkl. Fold, kynningarfulltrúi
Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar, Alþjóðahjálparsjóðsfulltrúi (LCIF)
Gerður Jónsdóttir, Lkl. Ylfa, menningarfulltrúi
María Ingadóttir, Lkl. Ösp, heilbrigðisfulltrúi
Jón Bjarni Þorsteinsson, Lkl. Mosfellsbæjar, Lions Quest fulltrúi
Sigurður Steingrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi, netfulltrúi, alþjóðasamskiptafulltrúi
Vigfús Gíslason, Lkl. Ólafsvíkur, ungmennafulltrúi, friðarveggspjaldafulltrúi
Vigfús Gíslason, Lkl. Ólafsvíkur, unglingskiptafulltrúi

Heiðursráð 109B:

Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán
Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi
Ingimundur G. Andrésson, Lkl. Patreksfjarðar
Þorkell Cýrusson, Lkl. Búðardals
Tryggvi Kristjánsson, Lkl. Dalvíkur

Rekstur hreyfingarinnar

Við höfum glímt við rekstrarhalla undanfarin ár margar skýringar eru á honum en í raun er kostnaðaraðald og fjárstýring eilífðarverkefni. Umdæmisstjóraráð þessa árs hefur verið mjög meðvitað um kostnað og fjármál. Við höfum skorið niður kostnað bæði við fundahöld, ferðalög, sendingarkostnað og Lionsblaðið. Við þurfum alltaf að vera minnug þess að við þurfum að fara vel með fjármuni Lionsfélaga. Medic Alert er fyrirtæki í eigu hreyfingarinnar sem að hefur gengið vel að undanfögnu, þökk sé þeim sem hafa unnið mjög óeigingjarnt starf í

Þágu þess, vegna þeirrar velgengni þá hafa þeir tekið meiri þátt í rekstri skrifstofunnar. Til þess að hámarka notagildi okkar af nýja Lionsheimilinu þá þarf að gera á því frekari breytingar sem ég styð að verði ráðist í.

Heimsóknir og félagamál

Ég setti mér tvö markmið þegar ég varð 2. varaumdæmisstjóri annað var að ná að heimsækja alla klúbbana á þessum þremur starfsárum hitt var að ræða ekki mikið um félagamál. Ég hef náð að fara til allra klúbbanna og á þessu starfsári var farið í alla klúbba í umdæminu. Það er sérstaklega mikilvægt að fara í veikari klúbbana, þeir þurfa á hvatningu að halda. Hitt markmiðið var að tala ekki of mikið um félagamálin. Ég held að ég hafi náð því markmiði einnig en á móti lagt mikla áherslu á að tala um þá hluta hreyfingarinnar sem að hinn almenni Lionsfélagi sér ekki dagsdaglega. Okkur ber sem umdæmisstjórum að miðla boðskap frá yfirstjórn í þessum heimsóknum en mér finnst þó mest um vert að fá sjónahorn Lionsfélagans á hvað við eigum að gera og hvernig. Við þurfum að aðlaga hreyfinguna að því sem félögunum líkar og vera alls óhrædd við breytingar, við þurfum að vera í sífelldri endurskoðun á starfi okkar og verkefnum.

Klúbbar eru allir að vinna mjög vel að sínum verkefnum, margir í sinni heimabyggð og oft í samstarfi við aðra klúbba. Það er ánægjulegt að upplifa þann mikla kraft sem er í Lionsfólki en það mætti vera duglegra að auglýsa þennan dugnað.

Við þurfum hins vegar að taka félagamálin föstum tókum við þurfum að stofna klúbba og jafnframt að gera b-umdæmið fullgilt. Margir klúbbar eru of fámennir og því brothættir. Við þurfum að greina þá hjálpa þeim af stað aftur. Þegar þetta er skrifað þá hafa verið teknir inn 50 nýir félagar í umdæminu í 21 klúbbi, einungis 60% klúbba hafa tekið inn nýja féлага. Þessu þarf að breyta við þurfum nýja féлага í öllum klúbbum. Það er ástæða að nefna það að Lionsklúbbur Nesþinga, Hellissandi hefur tekið inn 10 féлага, Lionsklúbbur Patreksfjarðar hefur tekið inn 5 féлага og Lionsklúbbur Grundarfjarðar hefur tekið inn 4 féлага. En það er ástæða að geta þess að á síðasta starfsári voru líka teknir inn margir félagar í Grundarfirði. En það er ekki nægjanlegt að taka félagana inn það þarf að hugsa um þá þannig að þeir aðlagist starfinu, þeir verða að finna að þeir hafi áhrif til góðs.

Alþjóðþingið

Í tilefni af 100 ára afmæli Lionshreyfingarinnar var alþjóðþingið haldið í Chicago, en þar var hreyfingin stofnuð árið 1917. Þátttakendur voru um 30.000. talsins, væntingar voru um fleiri þátttakendur en líklega setti ferðabann Donalds Trumps strik í reikninginn fyrir einhverja.

Fyrir okkur var auðvitað hápunkturinn að Guðrún Björt Yngvadóttir var kosin 1.

varaalþjóðaforseti LCI. Það fór ekki á milli mála að Guðrún nýtur mikilla vinsælda og hylli innan Lions, enda gædd miklum persónutöfrum. Það var alveg sama hvern við hittum, allir þekkjast Guðrúnu og Ísland. Án efa verður kjör Guðrúnar sem alþjóðaforseta mikil auglýsing fyrir land og þjóð.

Á þinginu voru skólar fyrir okkur verðandi umdæmisstjóra sem hafa komið að góðum notum í vetur. Þar kynntumst við mörgum félögum frá hinum ýmsu löndum og kynntumst því hvernig þeir starfa í sínu heimalandi. Í lok þingsins vorum við síðan settir inn í embættin við hátíðlega athöfn.

Starfið í umdæmisstjórn

Helstu áhersluatriðið okkar þetta starfsárið hafa verið að auk samskipti og upplýsingamiðlun til Lionsfélaga, við höfum einnig reynt að þjappa verkefnateymunum saman og með því fjölgað þeim sem vinna saman í hverjum málaflokk. Auk þess þá er innleiðing GAT mesta viðbótin á árinu. Þrátt fyrir allt ofantalið þá hafa félagamálin verið langfyrirferðarmest á árinu. Við stóðum frammi fyrir því að A-umdæmið var ekki fullgilt, á því ári sem það eignast alþjóðaforseta. Lkl. Eir sem er kvennaklúbbur vildi hætta störfum, það fór svo að Jóhanna Thorsteinsson 2 varaumdæmisstjóri í A-umdæminu tók klúbbinn að sér og hefur snúið honum við þannig að þar eru nú 15 félagar. Ellert Eggertsson umdæmisstjóri í A-umdæminu vann mikið í þessu máli og eiga þau bæði heiður skilið. Náðst hefur sá árangur að 109A er nú fullgilt umdæmi. Hjá okkur er staðan sú að við erum á svipuðum slóðum og fyrir ári síðan, okkur fjölgar um nokkra féлага á árinu og mér sýnist að okkur hafi tekist að blása lífi í Lkl Blönduóss sem að átt hefur undið högg að sækja undanfarin ár.

Við höfum haldið 4 umdæmis og fjölumdæmisfundum á starfsárinu. Sá fyrsti var haldinn í lok ágúst sl. í húsakynnum Verkís og var hann sameiginlegur fundur umdæmanna og fjölumdæmissins. Þar kynntum við umdæmisstjórnir markmið okkar auk þess var sérstaklega kynnt hið nýja skipulag um Global Action teymunum (GAT) sem LCI samþykkti

endanlega í Chicago. Enn er þó verið að slípa til samskiptin milli teymana og hvernig þau eiga að vinna saman. Öll vinna við innleiðinguna hjá okkur hefur því gengið hægar en ég hafði vonast til, bæði hefur tekið lengri tíma að þýða starfslýsingarnar og eins eigum við eftir að koma starfslýsingunum inn í handbókina okkar og samræma við gömlu starfslýsingarnar. Fund númer 2 héldum við í Lionssalnum að Hlíðasmára 14 og 109A fundaði á sama tíma að Hlíðasmára 3, í sal hjá flugfélaginu Atlanta. Fundur fjölumdæmisstjórnarinnar var svo haldinn í Lionsslanum eftir hádegi sama dag. Þriðji fundurinn var sameiginlegur fundur umdæmanna og með fjölumdæmisstjórninni og var hann haldinn í sal Blindravinafélagsins. Fjórða fundinn héldum við með svipuð sniði og fund númer 2, A umdæmið hjá Atlanta og við í Lionsheimilinu. Með því að færa fundina af Sögu höfum við sparað umtalsverða fjármuni en kostnaður vegna hvers fundar á Sögu með léttum hádegisverði og kaffi eru liðlega kr. 200.000 í hvert skipti. Það er samt þannig að yfirbragð fundanna er fagaðra á Sögu. Í mínum huga er engin spurning að við þurfum að laga til salinn í Lions heimilinu þannig að það sé hægt að halda stærri fundi þar, auk þess sem að við getum á leigt hann út og haft af honum tekjur.

Formanna og samfundir

Í byrjun starfsársins héldum við formannafund í Lionsheimilinu og var hann vel sóttur og að mínu áliti var það mjög góður fundur þar sem við kynntum starfið og markmið umdæmisstjórnanna. Einnig kynntum við hið nýja GAT teymi og kom ég aðeins inn á nýjar starfslýsingar fyrir klúbbana. Síðan héldum við annan fund á Akureyri sem heppnaðist einnig vel.

Kynningarmálin.

Ein nýjung var kynnt fyrir okkur á þinginu í Chicago, en það var að nýta okkur samfélagsmiðlana meira í þágu Lions. Því miður hefur ekki okkur alveg tekist að nýta okkur það sem skyldi í vetur og þetta er eitthvað sem við verðum að ná betri tókum á. Ég heyrði nokkrar sögur frá litlum klúbbum sem höfðu náð ótrúlegum árangri í fjáröflunum og eins við að ná í nýja félag. Þetta er eitthvað sem bæði fræðslu og félagateymin verða að kynna sér betur og koma í framkvæmd. Nýta okkur Facebook, Twitter og Instagram er málið. Aðalgaldurinn er að finna og miðla til réttu markhópana því sem við viljum koma á framfæri. Ég veit að það eru ekki allir sammála um ágæti samfélagsmiðlana, en ég segi að við eigum að nýta þá og eins að halda í gömlu aðferðirnar

Lokaorð

Þegar ég lít tilbaka yfir starfsárið þá er mér efst í huga þakklæti fyrir að hafa kynnst mörgum eldhugum í Lionsklúbbum landsins ég vona að ég hafi haft jákvæð áhrif á þá. Mig langar líka að þakka fulltrúum í umdæmisstjórninni fyrir þeirra starf í vetur.

Sérstakar þakkir færi í Jóni fjölumdæmisstjóra og Ellert í A-umdæminu fyrir gott samstarf á árinu. Magneu og Kolfinnu á skrifstofunni fyrir þeirra störf.

Sérstakar þakkir færi ég Sigfríð og Braga fyrir veturinn, þið eigið eftir að standa ykkur vel á næstu árum. Andra umdæmisritara þakka ég fyrir frábært samstarf bæði sem ritara og GLT fulltrúa umdæmisins.

Björn Guðmundsson, umdæmisstjóri 109B 2017-2018